



**106. aðalfundur  
Ljósmeðrafélags Íslands  
3. apríl 2025**

## Efnisyfirlit

### Efnisyfirlit

|                                                                           |    |
|---------------------------------------------------------------------------|----|
| Efnisyfirlit .....                                                        | 1  |
| Dagskrá.....                                                              | 2  |
| Skýrsla stjórnar Ljósmaðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2024-2025 ..... | 3  |
| Stjórnarfundir .....                                                      | 3  |
| Kjaramál .....                                                            | 3  |
| Fjárhagur félagsins .....                                                 | 4  |
| Fagmál .....                                                              | 4  |
| Ljósmaðrablaðið .....                                                     | 4  |
| Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins.....                              | 5  |
| Samfélagsleg verkefni .....                                               | 5  |
| NJF .....                                                                 | 5  |
| EMA .....                                                                 | 5  |
| ICM .....                                                                 | 5  |
| BHM.....                                                                  | 5  |
| Þakkir .....                                                              | 6  |
| Ársreikningur fyrir 2024 og áætlun fyrir 2025.....                        | 7  |
| Ársreikningur félagsins 2024 .....                                        | 7  |
| Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2025 .....                                 | 7  |
| Lagabreytingar .....                                                      | 8  |
| Þórdísarsjóður.....                                                       | 16 |
| Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð .....   | 17 |
| Skýrsla kjörnefndar .....                                                 | 18 |
| Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ .....                                     | 19 |
| Ljósumnar skýrsla stjórnar.....                                           | 20 |
| Skýrsla fagdeildar sérfræðiljósmaðra .....                                | 21 |
| Skýrsla stjórnar Félags heimaþjónustuljósmaðra .....                      | 23 |

## Dagskrá

- 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Lagabreytinga
- 6) Kynning á starfsreglum Þórdísarsjóðs
- 7) Skýrslur nefnda/deilda
- 8) Kosningar stjórnar
- 9) Kosning skoðunarmanna reikninga
- 10) Kosning í nefndir og til trúnaðarstarfa
- 11) Önnur mál

## Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2024-2025

### Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið 13 stjórnarfundir á starfsárinu og höfum við þess á milli verið í góðum samskiptum með tölvupóstum og á „messenger“ með allt það sem hefur komið upp á milli funda. Stjórnin fór í námsferð og heimsótti Royal College of Midwives í London í nóvember síðastliðnum. Sótt var um styrk í Starfsþróunarsetur Háskólamanna og var ferðin í alla staði mjög lærdómsrík.

### Kjaramál

Það var skrifað undir kjarasamning við ríkið í júlí 2024, eftir að hafa vísað okkar deilu til ríkissáttasemjara þann 1. apríl 2024, um leið og fyrri kjarasamningur rann út. Samningurinn er til fjögurra ára með um 13,75% hækkunum á samningstímanum og er sambærilegur þeim samningum sem önnur stéttarfélög hafa gert á samningstímanum. Því til viðbótar samþykktum við innanhústillögu frá Ríkissáttasemjara varðandi stofnanasamninga við þær átta stofnanir sem áttu eftir að innleiða starfsþróunarkerfi fyrir ljósmæður skv. gerðardómi frá 2018. Núna á í raun eingöngu eftir að klára samning við HSA, svo fremur sem Kjara- og mannauðssvið ríkisins (KMR) samþykki samning okkar við HSU. KMR hefur hins vega hafnað að samþykkja fyrri samning okkar við HSU, en við gerum ráð fyrir að sá samningur verði tekin upp á HVEST. Allir þessir stofnanasamningar verða afturvirkir frá 1. febrúar 2024 þegar samningurinn við LSH tók gildi. En við erum ekki hættar, því að við verðum alltaf að vera á tánum í okkar kjarabaráttu og ná betri kjörum fyrir ljósmæður.

Formaður félagsins situr fyrir hönd BHM í stýrihóp um betri vinnutíma og í tveimur undirhópum þar undir, vegna vaktahvata og bakvakta. Launagreiðendur hafa viljað uppfæra kaflann um bakvaktir í miðlægum kjarasamningi stéttarfélaga þar sem að hann er rýr. Þar sem að ljósmæður eru mikið á bakvöktum bæði sem dagvinnufólk og vaktavinnufólk þá tel ég mig hafa góðan grunn til að starfa í þeim hópum sem fulltrúi BHM. Varðandi vaktahvatann þá vonandi kemur hann til með að koma betur út með þriggja mánaðar meðaltalsreikningi, en mér er samt ennþá meinilla við þennan vaktahvata og vona enn að hægt verði að umbuna á annan og réttlátari hátt fyrir vaktavinnu. Vinnan í þessum hópum gengur afskaplega hægt.

Á árinu höfum við einnig verið í góðu samstarfi við formenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélags Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands um að reyna að ná umbótum í heilbrigðiskerfinu. Við höfum skrifað grein, komið saman í útvarpsviðtali og eins stillt saman strengi á mánaðarlegum kaffifundum okkar. Ég vona að þetta sé eingöngu upphafið að enn meira samstarfi þessara stétta.

Í janúar 2025 stóð félagið aftur að kjarakönnun meðal starfandi ljósmæðra um land allt. Niðurstöður könnunarinnar voru sláandi eins og fyrir ári síðan. Greinilega er ennþá of mikið álag á ljósmæðrum, þannig að þær eru að upplifa öryggi skjólstæðinga sinna ógnað. Það er þörf á úrbótum og hefur félagið þegar átt fund með heilbrigðisráðherra og kynnt honum þessar niðurstöður. Eins höfum við óskað eftir fundi með fjármálaráðherra og munum fara víðar til að kynna þessar niðurstöður. Við þurfum úrbætur.

Félagið kynnti einnig fyrir nýjum heilbrigðisráðherra, Ölmú Möller skýrsluna „Mönnun ljósmæðra nú og til framtíðar með áherslum á sem besta nýtingu fagþekkingar ljósmæðra innan heilbrigðisþjónustu – Skýrsla starfshóps“ þar sem er að finna ýmsar tillögur til úrbóta. Við sendum einnig þessa skýrslu inn sem tillögu okkar að sparnaði þegar ný ríkisstjórn óskaði eftir tillögum frá almenningi að sparnaði, þar sem að í skýrslunni eru hagræðingartillögur. Eins kynntum við fyrir ráðherra þær hagræðingartillögur sem komu frá ljósmæðrum í könnuninni okkar.

Félagið hefur verið í samtali við formenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélags Íslands og Sjúkraliðafélags Íslands, sem hefur verið okkur mjög gagnlegt. Höfum við ákveðið að vera áfram í

samstarfi um sameiginleg hagsmunamál stéttanna. Það er mikilvægt að bæta starfsumhverfi og starfsaðstæður heilbrigðisstétta.

Við stefnum síðan á að gera stærri rannsókn á starfsumhverfi ljósmæðra í tengslum við Good Work Enviroment for Midwives verkefnið, þar sem Lilja Þórunni Þorgeirsdóttir við Háskólann í Boras, Malin Hansson við Háskólann í Gautaborg og Berglind Hálfðánardóttir við Háskóla Íslands munu leiða rannsóknina. Við erum mjög spenntar fyrir því að taka þátt í þessari rannsókn sem er langtímarannsókn og stendur til að framkvæma á fleiri Norðurlöndum, þannig að hægt verði að bera saman stöðu ljósmæðra á milli landa sem og til lengri tíma.

## Fjárhagur félagsins

Fjárhagur félagsins er góður en Bryndís Ásta gjaldkeri félagsins mun fara vel yfir það á eftir. Við höfum verið að safna fjármunum sem er ekki gott, en ennþá ríkir mikil óvissa í húsnæðismálum félagsins og við þurfum að geta brugðist við því. Þrátt fyrir það leggjum við til litla lækkun á okkar félagsgjöldum.

## Fagmál

Ljósmæðrafélag Íslands í samvinnu með norðurlandsdeild LMFÍ, Háskólann á Akureyri, Námsbraut í ljósmóðurfraeði, Landspítala og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins hélt Ljósmæðradaginn þann 3. maí á Akureyri sem í alla staði heppnaðist virkilega vel og er nánar fjallað um í skýrslu norðurlandsdeildar LMFÍ.

Við fengum til okkar kennarana Janni Ammitzböll og Maiken Bjerg frá Danmörki til að halda námskeiðið „Þegar fjölskylda fæðist“ um leiðir til að styðja við nýbakaðar fjölskyldur. Haldin voru tvö námskeið, í Reykjavík og á Akureyri og var virkilega mikil ánægja með námskeiðin. Eins fengum við kennara frá GynZone hingað til lands og voru þær með tvö námskeið í greiningum, saumaskap og deyfingum.

Í samstarfi við Guðlaugu Maríu ljósmóður heldum við síðan tvö námskeið í nálastungum, eitt hér í Reykjavík og annað á Akureyri. Nálastungunámskeiðin eru alltaf jafn vinsæl og fylltust strax.

Við höfum ekki verið nægjanlega virkar með Zoom fræðslukvöld félagsins, sem er miður en stendur til bóta. Bryndís Ásta sérfræðiljósmóðir var með erindi um meðgöngusykursýki síðastliðið vor og í haust kynnti Guðrún Hulda formaður Félags heimafjónustuljósmæðra fyrir okkur nýjungar í samningi Sjúkratrygginga Íslands við ljósmæður.

Eins tókum við þátt í að halda Solihull námseið fyrir ljósmæður í samvinnu við Geðvernd og einnig var eitt námskeið um sitjandi og tvíburafæðingar í samstarfi við Breech Without Borders.

Einnig er ánægjulegt að minnst á það að fagdeild sérfræðiljósmæðra var stofnuð innan félagsins á þessu ári.

Þá vil ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim ljósmæðrum sem hafa komið að öllum þessum verkefnum fyrir hönd félagsins kærlega fyrir sín störf.

## Ljósmæðrablaðið

Ljósmæðrablaðið kom að vanda út tvisvar á síðasta ári og er alltaf jafn gaman að fá það í hendurnar. Með nýrri heimasíðu félagsins munum við þó kanna áhuga ljósmæðra á að hætta að fá blaðið á prenti, þannig að við getum minnkað það magn sem fer í prentun.

Vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim ljósmæðrum sem koma að útgáfu blaðsins það er mikil vinna sem fer í það að gefa út okkar góða fagblað sem nú í ár hefur verið gefið út í 103 ár.

## Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins

Félagið rekur tvær heimasíður, annars vegar ljósmodir.is og hins vegar ljósmaedrafelag.is.

Eins og þið væntanlega hafið allar orðið varar við þá vann síðan okkar ljósmodir.is fyrstu verðlaun sem samfélagsvefur ársins, enda er síðan alveg einstaklega vel hönnuð og falleg. Ég vil aftur og þakka öllum þeim ljósmæðrum sem hafa komið að síðunni undanfarna áratugi fyrir þeirra starf. Það er ekki sjálfgefið að svona fámenn stétt eins og okkar geti haldið út slíkum vef.

Fylgjuappið okkar hefur einnig verið bætt og uppfært og kemur til með að tengjast nýju heimasíðunni okkar sem er á síðustu sentimetrinum að vera tilbúin.

Félagið er einnig áfram á Instagram og Facebook, en höfum ekki enn komið okkur á TikTok en það er ef til vill framtíðin. Aftur vil ég þakka þeim ljósmæðrum og ljósmæðrabörnum sem hafa unnið þessi verkefni með okkur og fyrir okkur.

## Samfélagsleg verkefni

Við höfum ekki verið öflugar á þessu starfsári í samfélagslegum verkefnum því miður. Því er líklega helst um að kenna þær annir sem hafa verið í tengslum við kjara- og stofnanasamninga á árinu. En það má minna á síðuna okkar Ljósmóðir sem við höfum nú rekið í yfir 20 ár og er mikilvægt samfélagsverkefni og hluti af okkar daglega starfi.

Við viljum hins vegar nota tækifærið undir þessum lið og minna á styrktarsjóðinn sem við fengum gefins til minningar um Sigfús Sigurhjartarson. Hægt er að sækja um styrk í hann fyrir fátækar konur og við hvetjum ykkur til að hafa samband við félagið ef þið vitið af mikilli neyð, þar sem við getum hugsanlega eitthvað létt undir.

Okkur eru einnig enn að berast góðar gjafir, helst heimaprjónuð föt, húfur, sem við höfum verið að deila út á fæðingardeildar.

## NJF

Það var haldinn einn NJF fundur á þessu ári í Osló í maí 2024. Það er alltaf jafn gagnlegt að fara á NJF fundina og norðurlanda samstarfið er okkur mikilvægt. Næsti fundur verður núna í maí í tengslum við NJF ráðstefnuna í Kaupmannahöfn í lok maí.

## EMA

Aðalfundur EMA var að þessu sinni haldinn á Íslandi. Það var virkilega gaman að fá tækifæri til að kynna það starf sem við vinnum hér á landi og þau ólíku þjónustuform sem við bjóðum uppá. Hápunktur fundarins var þó ræða Höllu Tómasdóttur forseta, þar sem hún kom inn á sína persónulegu reynslu af ljósmæðrum og hvatti ljósmæður sem konur til dáða.

## ICM

Það hefur ekki verið haldin ICM fundur frá okkar síðasta aðalfundi, en þann 10. apríl næstkomandi verður fundur í Evrópudeildinni á Zoom. Það var hins vegar haldin ráðstefna fyrir fulltrúa ljósmæðrafélaga í Berlin í nóvember á síðasta ári þar sem þemað var efling og styrking ljósmæðrafélaga. Þar fann undirrituð enn og aftur hversu sterkar við ljósmæður á Íslandi erum.

## BHM

BHM samstarf hefur verið skv. venju. Við höfum tekið þátt í öllu því starfi þar sem okkur hefur varðað.

Við erum enn í Borgartúni 6 ásamt Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélagi lögfræðinga og Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, en tvö síðarnefndu félögin stefna á flutning

fljótlega. Það er því enn óvissa hvað verður, en við stefnum á sem hagkvæmastan kost fyrir félagið til framtíðar. Það kemur líklega einnig til með að hafa áhrif á starfsemi félagsins að missa aðgengi að þessum finu sölum sem hér eru.

### Þakkir

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim ljósmæðrum og öðrum sem hafa starfað með félaginu og fyrir félagið á síðasta ári. Við þökkum öllum þeim sem hafa látið sig málefni félagsins varða, haft samband og komið með ábendingar.

Stjórn félagsins vill einnig sérstaklega þakka Jóhönnu Ólafsdóttur fyrir sitt starf í stjórn og um leið óska fjölskyldunni til hamingju með litla prinsinn þeirra hann Jón Trausta Óla. Jóhanna gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Við stefnum á öflugt starf á næsta starfsári og hlökkum til samstarfs við ykkur allar. Sameinaðar hefst þetta allt hjá okkur!

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður.

## Ársreikningur fyrir 2024 og áætlun fyrir 2025

### *Ársreikningur félagsins 2024*

Fjárhagur LMFÍ er áfram góður og er félagið skuldlaust.

Hagnaður af rekstri félagsins á síðast liðnu ári voru tæpar 12 m.kr. Eigið fé var 86 m.kr. Sjá nánar ársreikning félagsins sem fylgir fundargögnum.

Farið var í umfangsmiklar uppfærslur á heimasíðum félagsins ljósmaedrafelag.is og ljósmodir.is.

### *Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2025*

Fjárhagsáætlun fyrir 2025 byggir á ársreikningi frá 2024. Lagt er til að lækka félagsgjöld úr 1,45% af heildarlaunum ljósmæðra í 1,40% af heildarlaunum. Stjórn LMFÍ leggur til að fara mjög varlega í lækkun félagsgjalda þar sem enn er óvissa varðandi húsnæðismál félagsins, hvenær og hvert félagið mun flytja. Kostnaður tengt húsnæðismálum liggur ekki fyrir. Öðrum liðum verður ekki breytt.

Áfram verða settar inn fastar prósentur af félagsgjöldum inn á Þórdísarsjóð (4,5%) og Brekkusjóð (6%). Umfram fé verður lagt inn á Brekkusjóð. Tillaga að starfsreglur varðandi Þórdísarsjóð verða lagðar fram á aðalfundi, sjá fylgiskjal um starfsreglur Þórdísarsjóðs, til samþykktar.

Áhersla er á sparnað hjá félaginu til að það muni standa á traustum fjárhagslegum fótum til framtíðar.

Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu.

3. apríl 2025  
Bryndís Ásta Bragadóttir  
Gjaldkeri Ljósmæðrafélags Íslands

## Lagabreytingar

Tillaga stjórnar að lagabreytingum.

### Lög og reglur Ljósmeðrafélags Íslands

#### 1. Grein

##### HEITI FÉLAGSINS

1.1. Félagið heitir Ljósmeðrafélag Íslands, skammstafað LMFÍ og er stéttar- og fagfélag ljósmeðra og ljósmeðranema. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði er landið allt. Félagið á aðild að ~~Bandalagi háskólamanna~~ (BHM) og sjóðum BHM.

#### 2. Grein

##### MARKMIÐ FÉLAGSINS

2.1. Að efla ljósmeðrastéttina, og að hvetja ljósmeður til þess að viðhalda hæfni sinni og þekkingu og stuðla að þróun ljósmóðurfræði sem fræðigreinar.

2.2 Að glæða félagslegan áhuga og samvinnu ljósmeðra bæði innan lands og í erlendu samstarfi.

2.3. Að gæta hagsmuna og réttinda ljósmeðra varðandi störf þeirra og kjör og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum.

2.4. Að annast samninga um kaup og kjör kjarafélaga

2.5. Að gæta virðingar ljósmeðrastéttarinnar.

2.6. Að taka þátt í stefnumótun heilbrigðismála sem varða ljósmeðrafagið og efla samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir.

#### 3. Grein

##### AÐILD AÐ FÉLAGINU OG ÚRSÖGN

3.1. Allar ljósmeður sem hafa ljósmeðraleyfi á Íslandi ásamt nemum í ljósmóðurfræðum á Íslandi hafa rétt til aðildar að félaginu. ~~Sækja þarf um aðild skriflega til LMFÍ.~~

3.2. Kjarafélagi er sú ljósmóðir eða ljósmeðranemi í klínísku starfsnámi sem greiðir ákveðið hlutfall af tekjum sínum til félagsins og er bæði í kjara- og fagfélagi. Kjarafélagi hefur málfrelsi, atkvæðisrétt og kjörgengi í allar nefndir og stjórn félagsins.

3.3. Fagfélagi eru sú ljósmóðir eða ljósmóðurnemi sem ekki er kjarafélagi í LMFÍ. Fagfélagar greiða árlegt fagfélagsgjald. Fagfélagi hefur málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi í allar nefndir nema kjararáð og stjórn félagsins.

3.4. Stjórn félagsins getur gert að heiðursfélaga ljósmóður eða hvern þann velunnara félagsins sem það telur að sýna beri sérstaka viðurkenningu. Félagsmenn geta komið með tillögu að tilnefningu til stjórnar.

3.5. Aðalfundur ákvarðar félags- og fagfélagsgjöld. ~~Heiðursfélagar og lífeyrisþegar eru undanþegnir félagsgjöldum.~~ Lífeyrisþegar geta greitt hálf fagfélagsgjald og teljast þá fagfélagar.

3.6. Ljós móður ber að sýna ábyrgð í starfi og gæta virðingar ljósmæðrastarfsins og ljósmæðrastéttarinnar. Ljós mæðrum ber að starfa eftir lögum félagsins, siðareglum og ákvörðunum aðalfunda.

3.7 Heimilt er að víkja kjarafélögum úr félaginu standi þeir ekki skilum með full iðgjöld í 3 mánuði í röð. Ákvörðun félagsins um brottvikningu er send félagsmanni skriflega.

## 4. Grein

### AÐALFUNDUR

4.1. Aðalfund skal halda í félaginu eigi síðar en á vormánuðum ár hvert. Dagsetning aðalfundar skal tilkynnt með sex vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins. Almenna reglan er sú að halda aðalfund sem staðfund, en heimilt er að halda aðalfund sem fjarfund eða sem blöndu af fjar- og staðfundi. Fara kosningar þá fram með rafrænum hætti.

4.1.1. Fundarboð skal berast með tryggilegum hætti með minnst viku fyrirvara.

4.1.2. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins minnst fjórum vikum fyrir aðalfund og skulu sendar út með aðalfundargögnum. Formlegar athugasemdir og tillögur til breytinga verða bornar undir á aðalfundi.

4.1.3. Hið sama gildir um önnur mál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi. Mál sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá aðalfundar verður aðeins tekið fyrir ef meiri hluti fundarmanna sé því samþykkur.

4.1.4. Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skulu fundargögn vera aðgengileg félagsmönnum á rafrænu formi á vefsvæði félagsins, þar með talið eru skýrsla stjórnar, reikningar félagsins og sjóða á vegum þess, skýrslur endurskoðanda og skoðunarmanna og áætlanir um starfsemi og fjárhag félagsins næsta starfsár.

4.1.5. Framboð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa skal liggja fyrir sé þess kostur.

4.1.5 Aðalfundur telst ekki lögmætur nema boðað sé til hans á löglegan hátt.

4.2. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

4.2.1. Formaður setur aðalfund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.

4.2.2. Formaður félagsins flytur skýrslu stjórnar.

4.2.3. Skýrslur nefnda, ráða og fagdeilda.

4.2.4. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins, yfirförnum af endurskoðanda og skoðunarmönnum félagsins. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykkis og ákvörðun tekin um félagsgjald.

4.2.5. Lagabreytingar

4.2.6. Formannskosning

4.2.7. Stjórnarkosning

4.2.8. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

4.2.9. Nefndakosning - kosning í trúnaðarstörf.

4.2.10. Önnur mál.

4.3. Á aðalfundi skal bóka sérstaklega allar samþykktir og ákvarðanir. Fundaritarar ganga frá fundargerð að loknum aðalfundi. Fundargerð aðalfundar skal birt á vefsvæði félagsins ekki seinna en fjórum vikum eftir fundinn. Veittur er tveggja vikna frestur til athugasemda. Að þeim fresti liðnum telst fundargerð samþykkt og skal hún ásamt athugasemdum birt á vefsvæði félagsins.

4.4. Aukaaðalfund skal halda ef stjórn álitur þess þörf eða ef 1/3 atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess. Hann skal boðaður með sama hætti og aðalfundur og fundarefni tilgreint í fundarboði.

## 5. Grein

### STJÓRN FÉLAGSINS

5.1. Í aðalstjórn LMFÍ skulu sitja sex ljósmæður auk formanns. Á aðalfundi skal kjósa varaformann, gjaldkera, aðaltrúnaðarmann og þrjá meðstjórnendur. Hver stjórnarmaður utan formaður félagsins er kosin til tveggja ára í senn. Á fyrsta fundi eftir aðalfund velur stjórn úr hópi meðstjórnenda ritara, vararitara og varagjaldkera. Heimilt er að sitja í sama embætti í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð.

Í aðalstjórn LMFÍ skulu kosnar sex ljósmæður auk formanns. Á aðalfundi skal kjósa varaformaður, gjaldkeri, og fjóra meðstjórnendur. Hver stjórnarmaður utan formaður félagsins er kosin til tveggja ára í senn. Á fyrsta fundi eftir aðalfund velur stjórn úr hópi meðstjórnenda ritara, vararitara og varagjaldkera. Heimilt er að sitja í sama embætti í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð.

5.2. Formaður er launaður starfsmaður félagsins. Formann félagsins skal kjósa til þriggja ára í senn og skal framboð til formanns berast félaginu fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund. Formanni er heimilt að sitja þrjú kjörtímabil samfleytt. Formaður LMFÍ er jafnframt formaður kjararáðs.

5.3. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

5.4. Stjórnin skipuleggur stjórnarfundir eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til þeirra. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur og stjórnarmenn hafa verið boðaðir til fundar með lögmætum hætti.

5.5. Stjórn félagsins fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda.

5.6. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess.

5.7. Stjórn fylgist með störfum deilda og/eða nefnda sem starfræktar eru innan félagsins.

5.8. Stjórn félagsins, skipuleggur fræðslufundi, námskeið og ráðstefnur á vegum félagsins.

5.9. Erindi er varða siðareglur félagsins berist til aðaltrúnaðarmanns sem leggur málið fram á stjórnarfundir. Stjórn LMFÍ metur hvort þörf er á umsögn um málið eða frekari aðgerðum. Ef einhver af meðlimum stjórnar telst vanhæfur til að fjalla um málið ber honum að víkja af fundi á meðan málið er tekið fyrir.

5.10. 5.9. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningar starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá.

5.12. 5.10. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra.

5.13. 5.11. Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum LMFÍ og vinna eftir lögum félagsins og stefnumótun sem sett hefur verið fram og samþykkt á aðalfundi.

5.14. 5.12. Vantraust á stjórn LMFÍ eða formann félagsins má bera upp ef 1/3 kjarafélaga hafa skrifað undir áskorun þess efnis. Fundur skal þá boðaður með sama hætti og aðalfundur og fundarefni tilgreint í fundarboði.

5.14. 5.13. Fylgja skal fundarsköpum LMFÍ á öllum fundum félagsins sem fundarstjóri les í upphafi fundar hverju sinn.

## 6. Grein

### ATKVÆÐAGREIÐSLA

6.1. Atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum hafa kjarafélagar sem eru skuldlausir við félagið. Skal stjórn hafa tiltæk gögn um félagsmenn sem ekki hafa gert upp sín félagsgjöld í upphafi fundar.

6.2. Allar kosningar eru bindandi og fari fram skriflega eða rafrænt séu fleiri en einn eru í framboði til embættis. Falli atkvæði jafnt skal kosið að nýju og fáist þá eigi úrslit ræður hlutkesti. Atkvæði greidd á staðnum og atkvæði greidd með fjarfundabúnaði hafa sama vægi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema annað sé tekið fram.

6.3. Kjörnefnd skal sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga á aðalfundi.

6.4. Í ágreiningsmálum á stjórnarfundum ræður meirihluti stjórnar, ef hlutir falla jafnt þá ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórn er heimilt að láta fara fram rafræna kosningu um þau mál sem hún telur brýn og varða mikilvæga hagsmuni.

## 7. Grein

### FÉLAGSFUNDIR

7.1. Félagsfund skal halda þegar stjórn þykir ástæða til eða ef minnst 10% félagsmanna óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá boðað til fundar með minnst viku fyrirvara. Ef nauðsyn krefur má þó boða félagsfund með 24 klukkustunda fyrirvara.

7.2. Stjórn félagsins tilnefni alþjóðafulltrúa sem ásamt formanni (eða staðgengli hans) sér um alþjóðlegt samstarf sem félagið kann að taka þátt í hverju sinni. Alþjóðafulltrúi og formaður skili greinargerð um erlent samstarf félagsins til stjórnar. Enn fremur geri þeir grein fyrir starfinu í Ljósmeðrablaðinu, vefsíðu félagsins eða á aðalfundi.

## 8. Grein

### FJÁRMÁL

8.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins, nefnda þess og sjóða skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs úr röðum félagsmanna til eins árs í senn. Reikningar skulu vera komnir í hendur skoðunarmanna félagsins 14 dögum fyrir aðalfund til yfirlstrar og undirskriftar

8.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins, nefnda þess og sjóða skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs úr röðum félagsmanna til eins árs í senn. Gögn skulu vera aðgengileg skoðunarmönnum minnst **þremur tveimur** vikur fyrir aðalfund.

8.2. Heildarendurskoðun reikninga félagsins skal fara fram á fimm ára fresti.

## 9. Grein

### NEFNDIR OG RÁÐ

9.1. Innan LMFÍ skulu starfa eftirfarandi nefndir

9.1.1. Kjararáð. Formaður félagsins er formaður kjararáðs. Auk hans eiga varaformaður og aðaltrúnaðarmaður sæti í kjararáði ásamt öðrum stjórnarmeðlimum og trúnaðarmönnum eftir þörfum.

9.1.2. Ritnefnd, sbr. handbók

9.1.3. Kjörnefnd, sbr. handbók

9.1.4. Sjóðanefnd, sbr. handbók

#### **9.1.5 Siðanefnd, sbr. reglur siðanefndar**

9.2. Heimilt er að koma á fót nefndum um einstök málefni eða málaflokka ef stjórn metur svo. Sama gildir um samtök og ráð sem LMFÍ er heimilað að tilnefna fulltrúa í.

9.3. Nefndir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga félagsins. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

## 10. Grein

### DEILDIR

10.1. Heimilt er að stofna deildir innan félagsins ef stjórn metur svo. Æskilegt er að deildirnar sendi einn fulltrúa á aðalfund er greini frá starfsemi sinnar deildar eða sendi greinargerð til stjórnar eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund. Sé það ekki gert er litið svo á að starfsemi deildar liggji niðri.

10.2. Deildir félagsins geta sótt um fjárframlög frá félaginu til starfsemi sinnar.

10.3. Deildir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga félagsins. Deildum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ

## 11. Grein

### SIÐAMÁL

#### **11.1 Siðareglur**

LMFÍ setur sínu félagsfólki siðareglur. Stjórn félagsins skal hafa eftirlit með og stuðla að því að siðareglur og lög félagsins skuli höfð í heiðri. Stjórn félagsins skal vera ljósmæðrum til ráðuneytis um siðareglur ljósmæðra og samskipti ljósmæðra innbyrðis, sem og um meint brot á siðareglum ljósmæðra og lögum félagsins.

## 11.2 Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur á milli ljósmæðra innbyrðis, skal stjórn félagsins leita sátta. Takist ekki sættir, skal stjórn félagsins úrskurða í málinu.

Stjórn félagsins úrskurðar í þeim málum sem til hennar er beint og ekki vísað til meðferðar og úrskurðar Siðanefndar. Skal stjórn afgreiða þau mál með eins skjóttum hætti og kostur er hverju sinni.

## 11.3 Siðanefnd LMFÍ

Á vegum félagsins starfar Siðanefnd og er hlutverk hennar að fjalla um siðamál sem til hennar er vísað. Stjórn Siðanefndar getur vísað frá sér erindum sé það mat hennar að mál beri að leysa á öðrum vettvangi.

## 11.4 Mál sem siðanefnd tekur til meðferðar.

Siðanefnd LMFÍ tekur til umfjöllunar og úrskurðar, eftir því sem við á :

1. Erindi sem stjórn LMFÍ kann að vísa til nefndarinnar vegna ágreinings skv. gr. 11.2 (meðferð ágreiningsmála) og um kvartanir vegna háttsemi, sem kann að stríða gegn lögum LMFÍ eða siðareglum LMFÍ enda hafi stjórn LMFÍ ekki áður fjallað um málið eða úrskurðað í því.
2. Erindi og umkvartanir sem vísað er til úrlausnar nefndarinnar, frá skjólstæðingum ljósmæðra eða aðstandendum þeirra, frá heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisyfirvöldum eða öðrum hliðstæðum aðilum eru vegna meintra brota gegn siðareglum LMFÍ.

Úrskurði stjórnar LMFÍ má skjóta til Siðanefndar hafi Siðanefnd ekki áður úrskurðað í málinu.

Siðanefnd er heimilt að vísa frá erindum sé það mat hennar að mál beri að leysa á öðrum vettvangi.

## 11.5 Skipan siðanefndar

Í siðanefnd sitja tvær ljósmæður, sem kosnar eru á aðalfundi LMFÍ til tveggja ára í senn, sitt hvort árið.

Þriðji aðili sem er jafnfram kosinn á aðalfundi LMFÍ til tveggja ára í senn, skal vera löglærður og uppfylla skilyrði til þess að mega starfa sem dómari. Hann skal vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir á sama hátt og til jafns langs tíma.

Nefndin hefur aðsetur hjá Ljósmæðrafélagi Íslands sem greiðir kostnað af störfum hennar og sér henni fyrir nauðsynlegri aðstöðu. Formaður LMFÍ eða önnur ljósmóðir úr stjórn er ritari nefndarinnar.

## 11.6 Hæfi nefndarmanna

Um hæfi nefndarmanna til þátttöku í meðferð einstaks máls fer eftir reglum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við á.

### 11.7 Móttaka erinda til siðanefndar

Erindi til siðanefndar LMFÍ skal sent á formann LMFÍ, sem kemur þeim á framfæri við formann Siðanefndar. Skulu erindi til nefndarinnar vera skrifleg. Erindi skal ekki vera eldra en þriggja ára.

### 11.8 Úrskurðir Siðanefndar

Fullskipuð nefnd kveður upp úrskurði. Siðanefnd mælir fyrir um það í úrskurði hvort forsendur og úrskurðarorð úrskurðar skuli birt í Ljósmeðrablaðinu og hvort nafnaleynd skuli þá gætt eða ekki. Úrskurðir Siðanefndar sæta hvorki kæru né málskoti innan LMFÍ. Málsaðilar geta óskað eftir því að mál verði tekið fyrir að nýju hjá Siðanefnd ef þeir hafa fengið upplýsingar eða heimildir eftir að úrskurður var kveðinn upp sem þeir telja að myndu breyta þeim úrskurði ef þær hefðu legið fyrir áður en hann var kveðinn upp. Siðanefnd úrskurðar, hvort þessar nýju upplýsingar eða heimildir séu þess eðlis, að á þeim megi byggja við upptöku málsins.

Að öðru leyti gilda meginreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um meðferð mála fyrir nefndinni.

### 11.9 Úrræði siðanefndar

Komist siðanefnd að þeirri niðurstöðu að ljósmóðir hafi brotið gegn Siðareglum LMFÍ eða lögum LMFÍ getur nefndin fundið að háttsemi ljósmóðurinnar eða veitt henni formlega áminningu.

Sé um ítrekað brot eða stórfellt brot að ræða, er Siðanefnd LMFÍ heimilt að mæla fyrir um að niðurstaða nefndarinnar skuli kynnt Landlækni.

## 11.12. Grein

### TRÚNAÐARMENN

11.1. 12.1 Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir á tveggja ára fresti sbr. V. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum.

11.2. 12.2 Í trúnaðarmannaráði skulu eiga sæti allir trúnaðarmenn LMFÍ. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð, kjarasamninga og stofnanasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um ýmis mál.

## 12.13. Grein

### ÚTGÁFA

12.1. 13.1 Allt efni sem birtist á prenti í nafni félagsins, í rafrænum miðlum, ljósvakamiðlum, á ráðstefnum o.fl. auk minjagripa telst vera útgáfa félagsins. Stjórn sér um og ber ábyrgð á útgáfu efnis í nafni félagsins.

13.2 Félagið á og rekur vefsíðuna ljósmodir.is sem er upplýsingavefur fyrirverðandi foreldra.

12.2. 13.3 LMFÍ gefur út Ljósmeðrablaðið og greiðir kostnað af því. Skal senda blaðið öllum félagsmönnum og er áskriftarverð þess innifalið í félagsgjaldi. Stjórn LMFÍ ræður ritstjóra sem sér um útgáfu Ljósmeðrablaðsins í samvinnu við ritnefnd. Ritnefnd skal kjósa á aðalfundi félagsins.

~~12.3.~~ **13.4** Merki LMFÍ er skráð í vörumerkjaskrá og er félagið eigandi þess. Notkun á merkinu er háð leyfi stjórnar.

#### **~~13.~~14. Grein**

##### **LAGABREYTINGAR**

~~13.1.~~ **14.1** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu tillögur um breytingar hafa borist með aðalfundarboði tveim vikum áður og þannig kynntar félögum áður en til fundar kemur. Lagabreytingar eru því aðeins lögmætar að 2/3 fundarmanna á greiði þeim atkvæði.

~~13.2.~~ **14.2** Lög þessi öðlast gildi á aðalfundi Ljósmeðrafélags Íslands **3. apríl 2025. Um leið verða lög Ljósmeðrafélags Íslands frá 24. mars 2021 úr gildi numin.**

## **Þórdísarsjóður**

### **Kjaramálasjóður – starfsreglur**

#### **1. gr.**

##### *Heiti og rekstrarfyrirkomulag*

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður og er rekinn á kennitölu Ljósmeðrafélags Íslands.

#### **2. gr.**

##### *Tilgangur*

Tilgangur sjóðsins er að veita kjarafélögum Ljósmeðrafélags Íslands sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna fjárhagslega aðstoð, eftir því sem hagur sjóðsins leyfir hverju sinni. Einnig að standa straum af lögfræði- og málskostnaði sem fellur til vegna baráttu við að tryggja kjör og réttindi kjarafélaga. Einnig greiðir sjóðurinn annan tilfallandi kostnað vegna kjaramála, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

#### **3. gr.**

##### *Tekjur sjóðsins*

Tekjur sjóðsins eru framlög frá sjóðum Ljósmeðrafélags Íslands sem stjórn félagsins ákvarðar og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

#### **4. gr.**

##### *Greiðslur úr sjóðnum*

Þær ljósmeður sem eru fullgildir kjarafélagar að Ljósmeðrafélagi Íslands áður en vinnudeila eða kjaraágreiningur á sér stað eiga rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum vegna tekjuserðingar sem þær verða fyrir vegna vinnustöðvunar eða verkanns. Þeir kjarafélagar sem halda launum í vinnudeilu eða hefja störf annars staðar á meðan á vinnustöðvun eða verkanni stendur eiga ekki rétt á greiðslu úr sjóðnum. Sjóðurinn skal einnig greiða lögfræði- og málskostnað sem fellur til vegna baráttu félagsins við að tryggja kjör og réttindi félagsfólks. Þær ljósmeður sem sjálfar höfða einkamál eiga ekki rétt á greiðslu úr sjóðnum.

Sjóðnum er einnig heimilt að greiða annan tilfallandi kostnað vegna kjaramála, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands.

#### **5. gr.**

##### *Fjármál*

Gerð er grein fyrir stöðu sjóðsins árlega í ársreikningi Ljósmeðrafélagsins.

#### **6. gr.**

##### *Sjóðurinn lagður niður*

Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun er tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagssjóð Ljósmeðrafélags Íslands.

#### **7. gr.**

##### *Breytingar á starfsreglum*

Starfsreglum þessum má aðeins breyta af stjórn Ljósmeðrafélags Íslands.

**Samþykkt á stjórnar/aðalfundi dags**

## Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð

### Skýrsla sjóðanefndar Ljósmeðrafélags Íslands Minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Sjóðanefnd fundaði 12. nóvember 2024.

Í sjóðanefnd 2024 eru: Unnur Berglind Friðriksdóttir formaður LMFÍ, Bryndís Ásta Bragadóttir gjaldkeri LMFÍ, Gréta Rún Árnadóttir, Ástþóra Kristinsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir. Kristbjörg Magnúsdóttir komst ekki á fundinn.

#### **Úthlutun 2024:**

Þrjár umsóknir bárust sem allar voru metnar styrkhæfar.

Ákveðið var að allar umsóknir fengju styrk. Alls var úthlutað 782.576 kr. árið 2024.

f.h. sjóðanefndar,  
Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri LMFÍ  
Formaður sjóðanefndar

Skýrsla kjörnefndar

Stjórn og nefndir Ljósmeðrafélags Íslands 2024-2025

|                        |                      |                                |
|------------------------|----------------------|--------------------------------|
| Skýrsla kjörnefndar    | Grænt = framboð      | Rautt = fráfarandi             |
| Stjórn                 | Formaður             | Unnur Berglind Friðriksdóttir  |
|                        | Varaformaður         | Guðlaug María Sigurðardóttir   |
|                        | Ritari               | Kristbjörg Magnúsdóttir        |
|                        | Gjaldkeri            | Bryndís Ásta Bragadóttir       |
|                        | Meðstjórnendur       | Inga María Thorsteinsdóttir    |
|                        |                      | Krístín Halfánsdóttir          |
|                        |                      | Jóhanna Ólafsdóttir            |
|                        | Framboð í stjórn     | Guðrún Hulda Gunnarsdóttir     |
|                        |                      | Katrín Sigurgeirsdóttir        |
| Aðaltrúnaðarmaður      |                      | Oddný Ösp Gísladóttir          |
| Ritnefnd               | Ritstjórar           | Steinunn Blöndal               |
|                        |                      | Rut Guðmundsdóttir             |
|                        | ritnefnd             | Emma M. Swift                  |
|                        |                      | Edythe Mangindin               |
|                        |                      | Elín Inga Lárusdóttir          |
|                        |                      | Ólöf Ásta Ólafsdóttir          |
|                        |                      | Anna Guðný Hallgrímsdóttir     |
|                        |                      | Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir   |
|                        | Framboð í ritnefnd   | Inga María Thorsteinsdóttir    |
|                        |                      | ?                              |
| Sjóðanefnd             | Formaður             | Bryndís Ásta Bragadóttir       |
|                        | Gjaldkeri            | Unnur Berglind Friðriksdóttir  |
|                        |                      | Kristbjörg Magnúsdóttir        |
|                        |                      | Ástþóra Kristinsdóttir         |
|                        |                      | Gréta Rún Árnadóttir           |
|                        | Framboð í sjóðanefnd | Eva Finnbogadóttir             |
| Kjörnefnd              |                      | Guðrún I. Gunnlaugsdóttir      |
|                        |                      | Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir |
|                        |                      | Hjördís Magnúsdóttir           |
| Skoðunarmenn reikninga |                      | Anna Sigríður Vernhardsdóttir  |
|                        |                      | Elín Arna Gunnarsdóttir        |

10. mars 2024  
f.h. kjörnefndar  
Guðrún I. Gunnlaugsdóttir  
Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir

## Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ

### Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélags Íslands (NLMFÍ)

#### Skýrsla stjórnar árið 2024

Segja má að hápunktur ársins 2024 í starfsemi Norðurlandsdeildarinnar hafi verið Ljósmeðradagurinn sem haldin var á Hótel KEA á Akureyri þann 3. maí í tilefni af alþjóðadegi Ljósmeðra. Var ráðstefnan haldin í samvinnu við Ljósmeðrafélag Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítalann, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Ráðstefnan var vel sótt og boðið upp á fjöldann allan af áhugaverðum erindum sem tengjast ljósmóðurstarfinu. Að vanda þegar ljósmeður hittast var gleðin við völd og nokkuð um að hollsystur hópuðu sig saman til kvöldverðar að ráðstefnu lokinni og sameinuðust svo á Kaffi Ilm síðar um kvöldið og héldu gleðinni áfram. Fjöldinn allur af ljósmæðrum setti svo sannarlega líflegan svip á miðbæ Akureyrar þetta kvöld.

Aðalfundurinn er að jafnaði haldinn í maí ár hvert en ákveðið var að fresta honum til hausts vegna ráðstefnunnar. Að þessu sinni var mætt í glæný húsakynni HSN á Akureyri þangað sem heilsugæslan flutti fyrr á árinu. Þar tók yfirhjúkrunarfræðingur á móti okkur, sýndi okkur glæsileg húsakynni stöðvarinnar og sagði okkur frá starfseminni sem mun taka nokkrum breytingum frá því sem áður var. Er tilkoma nýju heilsugæslustöðvarinnar mikil bót bæði fyrir starfsfólk og notendur þjónustunnar. Að lokinni skoðunarferð um heilsugæslustöðina var sameinast í bíla og ekið út með firði á veitingastaðinn Ströndina á Árskógssandi þar sem fundurinn var haldinn og notið góðra veitinga. Miklar breytingar urðu á stjórn deildarinnar en Kristín Hólm Reynisdóttir formaður, Tinna Jónsdóttir varaformaður, Hulda Þórey Garðarsdóttir ritari og Aníta meðstjórnandi gengu allar úr stjórn og voru þeim þökkúð vel unnin störf. Í þeirra stað tóku Sigrún Rósa Vilhjálmsdóttir við sem formaður, Hafdís Guðrún Benidiktisdóttir varaformaður, Þorfinna Ellen Þrastardóttir ritari og Ilmur Sól Eiríksdóttir meðstjórnandi, Petrea Aðalheiður Ásbjörnsdóttir heldur áfram að vera gjaldkeri. Að öðru leyti var um nokkuð hefðbundinn aðalfundur að ræða. Skráðar ljósmeður í NLMFÍ eru um þessar mundir 47 talsins.

Jólafundurinn var á sínum stað, að þessu sinni haldinn á Kaffi Ilm í byrjun desember. Var hann óvenju fámennur en þó notalegur. Ljósmeður skiptust á pökkum, nærðu sig og skröfuðu um starfið og flest milli himins og jarðar eins og þeim er lagið.

F.h. stjórnar NLMFÍ  
Sigrún Rósa Vilhjálmsdóttir formaður

## Ljósumnar skýrsla stjórnar

### Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024

Árið 2024 var nokkuð viðburðarríkt, tveir aðalfundir og stjórnin hittist fjórum sinnum auk tölvusamskipta.

Nokkuð ber á því að ljósmæður hafi haft samband til að breyta sínu netfangi og hvet ég þær sem ennþá eru með póstfang hjá vinnuveitanda að muna eftir að breyta því þegar þær hætta að vinna. Félagsmenn hafa verið hvattir að hafa samband ef þeir eru ekki að fá tölvupóst. Hægt er að láta vita um það á facebook síðu hópsins „Ljósumnar“, eða á tölvupóstfang [hildurkr@simnet.is](mailto:hildurkr@simnet.is).

Ferðanefndin sem í eru Ástþóra Kristinsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir og Anna Eðvaldsdóttir, (valin kona í hverju rúmi), hefur nú starfað í rúm tvö ár og skipulagt mjög ánægjulegar óvissuferðir, núna síðast (2024); skemmtilega og vel heppnaða ferð um Borgarfjörð. Ferðin er alltaf farin fyrsta miðvikudag í júní.

Ingibjörg Eiríksdóttir og Þóra Filippusdóttir hafa endurvakið gönguferðir ljósmæðra og er ánægja með það.

Árið 2023 ákváðum við að prófa að í stað þess að fara á veitingahús og njóta jólahlaðborðs að vera í Borgartúni og kaupa mat þangað. Þetta heppnaðist vel og á þessu ári vorum við í Garðaholti laugardaginn 23. nóvember og fengum mat og alla þjónustu frá sömu aðilum og komu í Borgartúnið. Rúmlega 50 ljósmæður mættu og var glatt á hjalla og afar góður matur.

Ljósmæðrafélag Íslands hefur styrkt starfsemi Ljósanna og þá sérstaklega ferðanefndina af mikilli rausn og erum við afar þakklátar fyrir það.

### **Stjórnarkjör**

Ekki var stjórnarkjör í ár en næsta ár ganga tvær úr stjórn.

Næsti aðalfundur verður svo í október eins og venja hefur verið.

Hildur Kristjánsdóttir, formaður f.h. stjórnar

## Skýrsla fagdeildar sérfræðiljósmæðra

Þann 17. febrúar 2025 var fagdeild sérfræðiljósmæðra stofnuð á fundi í Borgartúni 6.

Öllum ljósmæðrum með sérfræðileyfi var boðið á stofnfund fagdeildar sérfræðiljósmæðra innan LMFÍ. Góð mæting var á fundinn og samþykkt einróma að stofna fagdeildina enda þörf fyrir vettvang til að fjalla um málefni sérfræðiljósmæðra.

Ákveðið að fá 4-5 sérfræðiljósmæður í stjórn fagdeildarinnar sem mun funda fljótlega til að setja fram skilgreiningu á hlutverki og starfsemi deildarinnar.

F.h. fagdeildar sérfræðiljósmæðra

Bryndís Ásta Bragadóttir

### Stofnfundur fagdeildar sérfræðiljósmæðra innan LMFÍ

#### Fundargerð

Dags: 17. febrúar 2025

Staður: Fundarsalur BHM í Borgartúni 6 og Teams

Mættar: Bryndís Ásta Bragadóttir, Valgerður Lís Sigurðardóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Birna Gerður Jónsdóttir, Sigrún Ingvarsdóttir, Emma Marie Swift, Halla Ósk Halldórsdóttir, Guðlaug María Sigurðardóttir og Hrafnhildur Ólafsdóttir.

#### Kynning

Valgerður segir frá hugmynd að stofnun fagdeildar sérfræðiljósmæðra innan Ljósmæðrafélags Íslands og fer yfir sögu sérfræðiljósmæðra á Landspítala frá 2007. Fyrstu sérfræðileyfi ljósmæðra voru gefin út 2013 og fyrstu stöður auglýstar á Landspítalanum 2014.

Staðan í dag er sú að það eru 19 ljósmæður á Íslandi með sérfræðileyfi og sjö sérfræðiljósmæður eru í fimm stöðum á Landspítalanum. Ein sérfræðiljósmóðir er í hlutastöðu á heilsugæslunni.

#### Fagdeild sérfræðiljósmæðra innan LMFÍ

- Rætt hvort þörf sé á fagdeild, hver væri ávinningurinn?
- Bakland, stuðningur við hver aðra
- Minnihluti þeirra sem eru með leyfi er í stöðu sem sérfræðiljósmóðir
- Vettvangur fyrir samtal um sérfræðipekkingu innan ljósmóðurfræða á landsvísi
- Nýtingu sérfræðipekkingar í klínísku starfi
- Hópurinn er ekki stór og dreifist á nokkrar stofnanir um landið
- Hverjar væru með aðild? T.d. þær sem eru í náminu?

Einnig sjáum við fyrir okkur að t.d. væri hægt að vinna að hagsmunum sérfræðiljósmæðra og fjalla um skilyrði til að sækja um sérfræðiréttindi í ljósi þess að allar ljósmæður útskrifast nú með

meistaragráðu. Hugmyndir eru um að það verði skilyrt við 2ja ára nám undir handleiðslu sérfræðiljósmæðra.

Farið yfir 10. grein í lögum LMFÍ varðandi stofnun deilda innan félagsins.

Samþykkt á fundinum að stofna fagdeildina.

### **Stjórn og hlutverk fagdeildar**

Stefnum að því að fá 4-5 sérfræðiljósmæður í stjórn fagdeildarinnar. Leggjum til að fá Valgerði Lísu, Guðlaugu Maríu, Önnu Sigríði, Emmu og Ingibjörgu Th Hreiðarsdóttur í stjórn. Haft verður samband við þær og lagt til að þær fundi, ræði hlutverkaskiptingu og setji fram drög að skilgreiningu á hlutverki og starfsemi fagdeildar eftir þeirra fyrsta fund.

### **Skýrsla fyrir aðalfund**

Fagdeild sérfræðiljósmæðra skilar skýrslu um stofnun deildarinnar fyrir aðalfund LMFÍ sem verður 3. apríl 2025. Bryndís mun setja saman skýrslu úr fundargerð.

Fundi slitið klukkan 17:35

Fundarritari: Bryndís Ásta Bragadóttir

## Skýrsla stjórnar Félags heimþjónustuljósmæðra

Félag heimþjónustuljósmæðra, skýrsla stjórnar fyrir 2024

Aðalfundur félagsins var haldinn 5. september 2024 og hófst þá annað starfsár félagsins. Var kosið í stjórn, Guðrún Hulda Gunnarsdóttir, tók við formennsku um áramótin. Aðrar í stjórn eru Edythe Mangindin, Hildur Holgeirsdóttir, Hildur Sigurðardóttir, Katrín Sif Sigurgeirsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.

Stærsta verkefni síðasta var að ná samningum við Sjúkratryggingar Íslands, þar sem náðist að tryggja heimþjónustu fyrir allar konur fyrstu tíu dagana eftir fæðingu. Þau verkefni sem eru fyrirhuguð og í vinnslu eru áframhaldandi samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands, vinna við heimþjónustu appið þar sem Hildur Holgeirsdóttir er okkar tengiliður. Eins er stefnt að því að byrja á heildar endurskoðun klínískra leiðbeininga fyrir heimþjónustu ljósmæðra.

Fyrir hönd stjórnar Guðrún Hulda Gunnarsdóttir